



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Kvistaborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra mat Víðilundar	10
3 Innra mat Birkilundar	12
4 Innra mat Reynilundar	15
5 Ytra mat	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	20
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
8 Foreldrasamvinna	23
9 Skipulags dagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgigögn.....	24
10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	
10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	
10.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal	
10.5 Fylgiskjal 5 – Verkefni Kvistaborgar, ábyrgðarmenn	





Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfið síðasta vetur (2018-2019) gekk í heildina vel. Að venju var erfitt að ráða fólk til starfa um haustið og það veldur álagi í starfshópnum ásamt því að hafa áhrif á starfið. Við stóðum einnig í lóðarframkvæmdum haustið 2018 og vorið 2019 og stækkun húsnæðis og óneitanlega fylgdi því aukin vinna sem gerði það að verkum að við gátum illa sinnt undirbúningi sem skyldi sem hafði áhrif á tækifæri stjórnenda til að vinna saman að endurmati og því urðu tafir á skilum starfsáætlunar. Endurmenntun starfsmanna á ríkan sess í Kvistaborg og sem fyrr stóðum við okkur vel í því. Okkur tókst ekki að yfirfara gæðahandbók Kvistaborgar, það bíður næsta árs, en við fórum yfir gildi leikskólans þetta starfsárið og uppfærðum skjalið/töfluna okkar góðu. Við unnum ötullega að skjalavörslu í takt við persónuverndarlögin og komum því í farveg. Leikskólastjóri situr sem áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra í skóla- og frístundaráði og situr fundi samráðs leikskólastjóra og er varamaður í samráði Félags stjórnenda leikskóla.

Starfsmenn:

Fagmenntun starfsmanna	2018-2019	Fjöldi starfsmanna 2018-2019	2019-2020	Fjöldi starfsmanna 2019-2020
Leikskólakennarar	4,25	6	4,3	6
Háskólamenntun á uppeldissviði	3,675	5	3,675	5
Önnur háskólamenntun	1	1	3,75	4
Starfsmenn	5,825	7	5,825	7
Matráður	1	1	1,50	2
	15,75		18,55	

Tímavinna		1		5
-----------	--	---	--	---

Starfsmenn sem hættu á árinu (2018-2019) voru:

- Erlingur Ólafsson
- Eva Margrét Jónsdóttir
- Alma Rún Hreggviðsdóttir
- Guðrún Ragnarsdóttir



**Nýir starfsmenn:**

- Eva Krístrún Haraldsdóttir
- Snærún Tinna Torfadóttir
- Karítas Ólafsdóttir

Sumarliði:

- Arna Eiríksdóttir

Tímavinna:


- Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir

Barnahópurinn:

Haustið 2018 var fækkað um tvö börn (3%) í Kvistaborg og fórum við úr 66 börnum niður í 64 börn. Þetta er hluti af áætlun Reykjavíkurborgar að bæta starfsaðstöðu og starfsumhverfi barna og starfsmanna í leikskólum.

Engin heildarbreyting var á barnahópnum yfir veturinn. Hins vegar bættist eitt barn við, í lok vorannar. Átján börn útskrifuðust úr Kvistaborg og eitt barn fór í Ísaksskóla og þá voru 29 börn innrituð vorið 2019. Þetta var liður í stækkun skólans en við bættist ein deild sem hóf störf í september 2019.

Deildirnar 2018-2019 voru: Reynilundur með 25 börn, Birkilundur með 24 og Víðilundur með 16 börn.





Barnahópurinn 2019-2020, verða 76 börn sem dreifast á 4 deildir og vistunartíminn er sem hér segir:

Töflurnar sýna bæði álag í opnun og við lokun skólans.

Álag í opnun 2019-2020					
	Víðilundur	Birkilundur	Asparlundur	Reynilundur	
07:30	2				2
07:45	1	2	1	5	9
08:00	5	5	6	9	25
08:15	3	6	4	6	19
08:30	6	5	1	7	19
08:45		1		1	2
09:00					
	17	19	12	28	76

Álag í lokun 2019-2020					
	Víðilundur	Birkilundur	Asparlundur	Reynilundur	
16:00	1	0	1	0	2
16:15		4	3	2	9
16:30	12	10	4	10	36
16:45	4	5	2	10	21
17:00			2	6	8
	17	19	12	28	76

Jafnari kynjahlutföll:

Kvistaborg er einn af þremur vinnustöðum borgarinnar í verkefni sem vinnur að jafnari

kynjahlutföllum. Mannauðsskrifstofa Reykjavíkurborgar heldur utan um verkefnið, sem stendur frá





2017-2019. Starfsmenn fá fræðslu og starfsaðstæður eru skoðaðar með kynjagleraugum. Við höfum að auki þegið fræðslu um málefnið sem hefur nýst vel.

Barnaheill:

Vináttuverkefni Barnaheilla var áframhaldandi þetta starfsárið og allir nýir starfsmenn sækja námskeið. Í þessu samhengi er vert að minnast á að við notum verkfæri frá Vöndu Sigurgeirsdóttur kennara á menntavísindasviði, til að meta barnahópinn og félagsleg samskipti og samþykki innan hans og einnig á milli kennara. Tekið er á einelti og unnið sérstaklega með þau börn sem koma út úr mati.

Lubbi finnur málbein:

Lubbi er virkur á öllum deildum Kvistaborgar og kröfur þyngjast og eflast eftir stighækkandi aldri barna. Boðið er upp á námskeið fyrir foreldra og nýja starfsmenn.

Biophilia:

Verkefnið hófst árið 2015 og hefur verið hluti af starfinu síðan. Vorönn 2019 var líkaminn tekinn fyrir sem hluti af kennsluefni um náttúruvísindi.

Útinám:

Útinám er fyrir þriggja og fjögurra ára börn og er ein skipulögð kennslustund í hverri viku yfir vetrarmánuðina.

Tónlist:

Kvistaborg býður upp á tónlistarkennslu í samvinnu við Sigrúnu Erlu Hákonardóttur, tónlistarkennara, en hún er einnig tónlistarkennari í Breiðagerðisskóla. Börnin fá að heimsækja Breiðagerðisskóla ásamt kennara. Hver hópur, 5-8 manna, af deildum með þriggja til fimm ára börn, vinnur með kennaranum í 20 til 30 mínútur einu sinni í viku. Í endurmati kom fram að æskilegt er að starfsmaður deildar sé með hópnum svo að samspil verði á milli tónlistar og deildar. Stuðst er við söng, hlustun, hljóðfæraleik og hreyfingu í kennslunni. Samstarf er einnig við Tónskóla Sigursveins síðvetra; þá er mikill undirbúningur sem tengist Barnamenningarhátíð og annað vikur á meðan.

Meðal þess sem farið er yfir í tónlistartímum:

- Solfa kerfið
- Umhverfishljóð
- Hljóðfæraleikur
- Skynjun og munur á hljóði og þögn
- Taktur og hrynjandi
- Frjáls dans eftir valinni tónlist sem unnið hefur verið með





Grænfáni:

Við erum hætt í Grænfánaverkefninu sem slíku en vinnum að sjálfsgöðu að umhverfismennt.

Heilsueflandi skóli:

Kvistaborg er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi leikskóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Flestir starfsmenn tóku þátt í núvitundarnámskeiði á vegum embættisins. Við í Kvistaborg leggjum mikla rækt við hreyfingu á öllum deildum, bæði inni og úti. Hér skiptir einnig sköpum að í Kvistaborg er boðið upp á heimaeldaðan mat alla daga, hugað er vel að næringu barna og starfsmanna og við hugum vel að geðheilbrigði allra.

Samstarf við Víking:

Víkingur hefur í þrjú ár verið í samstarfi við Kvistaborg og boðið elstu börnunum okkar í íþróttasalinn í Víkinni. Þjálfari er Einar Guðnason.

Barnameningarhátíð:

Elsti árgangurinn, börn fædd 2013, tóku þátt í Barnameningarhátíð og sungu í Hörpu, stórkostleg upplifun.

Nemar frá Frakklandi:

Við fengum tvo franska nema til okkar í febrúar 2019, Manon og Coralie. Það gekk mjög vel og er gefandi fyrir alla, börn og starfsmenn. Nemarnir voru mjög opnir og gefandi þetta árið og þær kynntust okkur vel á þeim fjórum vikum sem þær dvöldu hjá okkur. Það voru þakklátir nemar sem kvöddu okkur með pönnukökum og hlátri.

Leikskólakennaranemar frá Menntavísindasviði:

Við fengum einn leikskólakennaranema Tinnu Heiðdís Elíasdóttur og tvo meistaranema í leikskólakennarafræðum, Heiðu Kristínu Másdóttur og Yrsu Rós Brynjudóttur. Að fá nema í hús gerir mjög mikið fyrir allt faglegt starf. Fagleg umræða og tenging við Menntavísindasvið verður miklu meiri og allir græða.

Menntastefnan 2018-2020

Innleiðing menntastefnunnar hefst í Kvistaborg haustið 2019 og við höfum valið okkur að verða „LAL“ skóli (Leikur að læra). Fræðin eru hugsuð út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluaðferðina eykst úthald og einbeiting ungra nemenda. Notast er mikið við bók- og tölustafi, form og lit. Verkefnið býður upp á þátttöku foreldra.





Lóðaframkvæmdir:

Lóðaframkvæmdir hófust haustið 2018 og var þá hálf lóðin tekin í gegn. Síðari hluti framkvæmdanna fór fram frá maí – september 2019.

Stækkun Kvistaborgar:

Skáli var settur á lóðina til bráðabirgða í apríl 2019 en tekinn í notkun í september sama ár. Starfsmannaaðstaðan var flutt í skálann og ný deild útbúin inn í aðalbyggingunni. Nýja deildin heitir Asparlundur eftir kosningu foreldra og starfsmanna. Framkvæmdir, bæði við lóð og stækkun húsnæðis, gengu hægt og starfsmenn þurftu að sýna mikinn sveigjanleika og þolinmæði í starfi vegna þessa. Enginn sumarhátíð var haldin það árið vegna þessara framkvæmda. Nú er komin bætt vinnuaðstaða sem hefur jákvæð áhrif á starfsmannahópinn og við erum afar ánægð með breytingarnar, en við erum enn að koma okkur fyrir og læra á nýtt umhverfi.

Foreldrasamstarf:

Fjórða árið í röð var boðið upp á sundkennslu fyrir elstu börnin á Kvistaborg. Foreldrar sjá þar alfarið um skipulag og við aðstoðum við að láta þetta fyrirkomulag ganga upp. Foreldrar Kvistaborgar hafa stutt vel við starfið og séð til þess að starfsemin hafi náð að blómstra með ýmsum uppákomum.

Uppákomur sem foreldrafélagið sér um eru, auk sundkennslunnar, danskennsla, piparkökumálun og sumarhátíð svo fátt eitt sé nefnt.

Nývistunarfundur:

Við vorum með öflugan nývistunarfund, sem hófst með erindi frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur skólastjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Erindið fjallaði um kynin, leikefni, hvernig við tölum við börnin og samfélagsmiðla. Kynning á leikskólanum fór fram í framhaldinu.





2 Innra mat Víðilundar

Stutt greinargerð deildastjóra Víðilundar um starfið á síðasta ári.

- Aðlögun nýrra barna gekk vel. 16 börn voru hjá okkur í vetur, en af þeim voru 15 ný.
- Dagskipulag deildarinnar gekk nokkuð vel. Verkaskipting skýr og gengur jafnt á milli starfsfólks. Reglulega farið yfir samstarf/samvinnu og verkaskiptingu starfsfólks, eins voru hlutirnir ræddir eftir þörfum.
- Samvinna/samstarf starfsfólks milli deilda gekk að öllu jöfnu mjög vel. Auðvelt og gott að leita til starfsfólks annarra deilda. Helst að við upplifum stundum að gleymast, þurfum oft sjálf að leita eftir upplýsingum, t.d. varðandi útiveru eftir kaffi. Ákveðið er kannski seint að fara út og skila, tekur okkur lengri tíma að klæða börnin og erum þá búnar að missa starfsfólk út úr húsi.
- Samverustundir hafa gengið vel. Rúlla á milli starfsmanna, sem hefur gefist mjög vel, börnin fá fjölbreyttar samverustundir. Passa þarf upp á að byrja samverustund þegar börnin eru tilbúin, vera til staðar.
- Frjáls leikur hefur gengið mjög vel í vetur, en við höfum passað upp á að gefa honum gott rými.
- Hópastarf hefur gengið mjög vel í vetur.
- Hreyfistund var hjá okkur 1x í viku og frjáls stund í sal 1x í viku. Börnin mjög dugleg og áhugasöm. Hefðum getað nýtt frjálsa tímunnar örlítið betur.
- Lubbastundir 1x í viku (1 hópur). Börnin mjög áhugasöm. Ánægja með að hafa máhljóð vikunnar á skóladagatalinu og eins að Lubbalag vikunnar sem var sungið í sameiginlegri söngstund.
- Skapandi starf, unnið markvisst 1-2x í viku, stundum oft. Alltaf vinsælt og mörg frábær listaverk litu dagsins ljós. Fjölbreyttur efniviður notaður.
- Könnunarleikur, tveir hópar í könnunarleik í vetur. Gekk mjög vel.
- 1 hópur var hjá okkur í útikennslu í vetur, sameiginlega með yngri hóp á Birkilundi. Farið var 1x í viku, nærumhverfið skoðað, leikir og fræðsla. Stundirnar gengu vel og börnin mjög áhugasöm.
- Sigrún tónlistarkennari kom til okkar 1x í viku og sá um samverustund. Mjög gaman og lærdómsríkt, bæði fyrir okkur starfsfólkið og börnin.
- Foreldrasamtarf var mjög gott hjá okkur í vetur.
- Deildarfundir hafa gengið mjög vel í vetur. Lagt upp með að hafa þá alltaf í 1. og 3. viku hvers mánaðar. Það gekk vel að halda því í vetur og mikil ánægja með það. Auðveldara að halda





utan um og ræða hlutina þegar ekki er lengra á milli funda. Verður miklu skilvirkara í alla staði og samstarf betra og ánægjulegra.

- Hefðir og hátíðir hafa gengið vel. Foreldrar verið duglegir og áhugasamir að taka þátt þegar þess er óskað.
- Útileiksvæði er mikið notað. Útivera 1-2x á dag. Aðalútiverutíminn hjá okkur eru morgnarnir. Passa upp á að starfsfólk sé á hreyfingu í garðinum.
- Garðaeftirlit. Mætti ganga betur. Hefur ekki mikið verið að rúlla á milli deilda eins og lagt var upp með, ein deild séð mikið um það. Sameiginleg tiltektarsvæði hefðu sömuleiðis mátt rúlla betur á milli deilda.
- Söngstund hefur gengið mjög vel í vetur. Börnin alltaf áhugasöm og spennt að fara í söngstund. Fáir starfsmenn í söngstund, gott væri að hafa fleiri.
- Gildi Kvistaborgar. Vinnum eftir gildunum okkar, bæði meðvitað og ómeðvitað. Kom upp hugmynd hjá okkur fyrir næsta vetur að gera gildin okkar sýnilegri á deildinni - nota orðin meira. Setja gildin á A-4 blöð, plasta og setja á vegg hjá okkur.
- Opið hús gekk mjög vel og var skemmtilegt. Fyrirkomulag mjög gott. Allir fengu heimsókn og sumir fengu marga gesti.





Víðilundur

Umbótaþættir Víðilundar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lestur	Vera duglegri að fylgja því eftir að lesið sé fyrir öll börn á hverjum degi.	Hvetja alla starfsmenn til að lesa þegar laus stund gefst. Skapa rými fyrir lesturinn.	Veturinn 2019-'20	Deildarstjóri	Taka fyrir á deildar- fundum mánaðarlega	Að lestrastundin verði ánægjuleg og börnin njóti hennar í minni hópum.
Samverustund	Setja upp ákveðin lög og þulur sem við erum að æfa hverju sinni.	Kynna og hafa sýnilegt svo allir starfsmenn deildarinnar eigi auðvelt með að fylgja því eftir.	Skólaárið 2019-'20	Deildarstjóri	U.þ.b. mánaðarlega	

3 Innra mat Birkilundar

- Dagskipulag gekk vel, en mjög þétt. Þegar maður er með tvo árganga á deild er skipulagið mjög þétt.





- Samvinna og samstarf innan og milli deilda gekk vel, Birkilundur er miðjudeildin og þarf því að hafa samskipti í báðar áttir á milli deilda. Þar af leiðandi hvílir frumkvæði oft á þeirri deild.
- Samverustundir fyrir hádegismat og eftir hádegismat voru mjög góðar, passað var, að lesa fyrir hópinn sem fór í hvíld.
- Frjáls leikur er algengur yfir daginn, en okkur finnst hann stundum ekki ná að njóta sín almennilega, sérstaklega fyrir hádegi. Haustið fór aðeins í að kenna börnunum að auka úthald í verkefnum. Ætlum að reyna að gera meira af því á næsta ári að leyfa börnunum stundum að vera inni fyrir hádegi og nýta húsið og starfsfólk betur.
- Spjallhópurinn gekk betur í ár. Virkaði betur að hafa verkefnið þegar yngri árið var í útikennslu. Börnunum fannst þetta alltaf mjög gaman og stundum var erfitt að hætta.
- Leikfimi gekk mjög vel, allir fóru 1x í viku. Eldri hópnum var skipt í tvennt og fór annar helmingurinn í Víkina fyrir áramót og hinn helmingurinn eftir áramót. Seinni hópurinn missti dálítið af kennslu með íþróttakennara í Víkinni vegna fjarveru, en þá tóku leikskólakennararnir kennsluna að sér í staðinn.
- Útikennsla gekk vel. Yngri árgangurinn fór með börnum í sama árgangi frá Víðilundi og voru þau 12 samtals. Það er hæfilega stór hópur og mikið var unnið í nærumhverfi Kvistaborgar. Elsti hópurinn fór með sinn árgang frá Reynilundi og voru samtals 25 börn. Þetta var mjög stór hópur og stundum var hópnum skipt í tvennt en þar var litið til verkefnavals. Útikennsla var einnig utan nágrennis og farið var með börnin á söfn og þess háttar.
- Aðlögun gekk vel.
- Foreldrasamstarfið gekk mjög vel og ef upp komu mál, var það rætt, áætlun gerð og unnið strax úr málum.
- Vel hefur gengið að halda deildarfundum. Það kom líka miklu betra út að hafa fastan tíma fyrir deildarstjórafundi.
- Alltaf skemmtilegt að halda í hefðir og hátíðir sem við erum með á Kvistaborg. Gott að gera endurmat eftir hvern viðburð.
- Útivera gengur vel, við gætum samt verið duglegri að gera meira með krökkunum á leiksvæðinu.
- Söngstundin er alltaf skemmtileg og vel stjórnað. Passa að hafa ekki lengra en 30 mínútur og gott að hafa einn starfsmann frá hverri deild með.
- Sameiginleg tiltekt á tilteknum svæðum hefur gengið upp og niður. Held við þurfum að finna nýja leið, t.d. skrifa í dagbókina eða slíkt fram í tímamann hvenær þarf að skipta og hvaða svæði maður er með.





- Gildin eru frábær og við kennararnir erum búin að fara yfir þau núna aftur, en okkur langar að börnin kynnist þeim betur.
- Opið húsið gekk mjög vel og mjög góð mæting frá foreldrum.
- Lubbastund gekk mjög vel og var mjög gott að hafa hvert máhljóð inn á skóladagatalinu. Passa að stundin sér ekki lengri en 20 mínútur og við þurfum að finna betri stað að vera með stundina. Litla herbergið of lítið.
- Vel gekk að halda myndasýningum í gangi á skjá í fataklefa. Foreldrum og börnum fannst mjög gaman, að sjá þegar þau komu að sækja, myndir af því hvað börnin voru búin að gera.
- Við tóku þemavinna kringum bókina „Regnbogafiskinn“ og var mikið spjallað um fiska, fengum 4 stóra fiska til þess að koma við og síðan máluðum við fiskana og gerðum fiskabúr. Við sýndum leikritið um Regnbogafiskinn fyrir hina í leikskólanum og fórum í heimsókn á Náttúrufræðistofu Kópavogs að skoða fiskabúrin.
- Farið var í margar vettvangsferðir og fannst börnunum alltaf gaman að fara.

Umbótapættir frá síðasta mati.

Útikennsla: Það gekk aldrei upp að skipuleggja nokkra tíma fram í tímann. Reynsla starfsmanna skipti hér máli; lesið í umhverfið. Það byrjaði vel að hafa börnin í verkefninu veðurfræðinga og fréttamenn, en það fjaraði hægt og rólegt út. Hópurinn var mjög stór og okkur fannst erfitt að hafa allan hópinn saman.

Frjáls leikur: Við þurfum að nýta rýmið betur.

Spjallhópurinn: Gekk miklu betur að hafa hann milli 9:15-10:15, þegar yngri börnin voru farin í útikennslu. Mjög gott að hafa tímana undirbúna.

Tónlist: Lagt var upp með að við ætluðum að reyna að tengja tónlistina við þemað á deildini en það hefði getað gengið betur.





Birkilundur

Umbótaþættir Birkilundar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Frjáls leikur	Að ná lengri samfelldum leik.	Að vera með meiri sveigjanleika fyrir börnin í úti og inniveru.	Haut 2019	Deildarstjóri þegar dagskipulagið er gert. Allir á deild taka þátt.	Umræður áramót.	Að það sjáist að börnin nái að sökkva sér í leik.
Lesstund	Að börnin sem fara í hvíld líka fái lesstund	Að hafa lesstund eftir kaffitímann	Haut 2019	Deildarstjóri og allir á deildinni	Deildarfundir	Metið á deildarfundum.

4 Innra mat Reynilundar

Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar um starfið á síðasta ári

- Dagskipulag gekk vel vegna góðrar samvinnu á deild.
- Samvinna og samstarf innan deildar gekk vel, starfsmannahópurinn var fjölbreyttur og við náðum að nýta mannauðinn vel.
- Samvinna og samstarf milli deilda gekk mjög vel, miklu betur en í fyrra. Ef eitthvað kom upp þá voru málin rædd og lausn fundin í sameiningu.
- Samverustundir voru góðar, við breyttum uppröðun barnanna í samverustundum og það kom vel út.





- Frjáls leikur skipaði stóran sess í daglega starfinu, við settum upp einfaldar reglur um hvernig hver dagur byrjar og kynntum fyrir börnunum og þau voru fljót að tileinka sér þessar reglur. Í fyrra voru börnin oft að spyrja hvað væri í boði hverju sinni en í ár bar ekki á því.
- Hópastarf gekk mjög vel innan ákveðins sveigjanleika, ef ekki var hægt að fara í hópastarf t.d. vegna vettvangsferðar þá færðum við til hópastarfið svo það félli ekki niður. Lubbastundir héldu sér einnig og okkur fannst koma vel út að setja máhljóðin inn á skóladagatalið, þá náðu allar deildir að fylgjast að og í sameiginlegum samverustundum var Lubbalag vikunnar sungið.
- Leikfimitímar gengu vel, bæði í Víkinni og í sal leikskóla en við misstum salinn í Fossvogsskóla Þegar upp kom mygla og það þurfti að loka skólanum síðustu tvo mánuðina. Skipulagðar heimsóknir í Fossvogsskóla féllu einnig niður sem og heimsókn í Neðstaland og skólastund í Fossvogsskóla sem var fyrirhuguð.
- Aðlögun nýrra barna gekk vel, við vorum með fá ný börn á deildinni, einungis þrjú sem ekki höfðu verið á Birkilundi veturinn áður.
- Foreldrasamstarf gekk vel, ef eitthvað kom upp þá leystum við málin strax. Starfsfólk fékk mikið hrós í foreldraviðtölum, sérstaklega fyrir hlýtt viðmót og faglegt starf.
- Deildarfundir og deildarstjórafundir hafa aldrei gengið betur.
- Útileiksvæðið var vel nýtt að vanda og mjög skemmtilegt að fá nýja svæðið neðst í garðinum.
- Sameiginlegt tiltektarsvæði og garðaeftirlit gekk ágætlega, mætti samt bæta skráningar í garðaeftirlitinu.
- Opið hús gekk mjög vel, mæting var góð og gleði allsráðandi.

Umbótaþættir Reynilundar frá síðasta mati:

- Skipulagðar lestrarstundir: Við lesum 1-2 sinnum á dag. Það gekk ekki vel að hafa samveru kl. 8:45, þá voru einungis tveir starfsmenn mættir að jafnaði, mörg börn mætt, og börn enn þá að mæta. Okkur finnst foreldrar oft þurfa spjall á morgnana, þau eru að láta vita hver sækir, spyrja um viðburði dagsins og þess háttar. Einnig voru örfá börn sem þurftu extra knús og hlýjan faðm að morgni dags og þetta fór ekki vel saman við lestrarstund. Við skerptum því á lestrarstund klukkan 15:45.
- Samvinna með næstelsta hóp skólans. Sú samvinna gekk mjög vel. Þau voru alltaf saman í útinámi einu sinni í viku og einnig í Víkinni í leikfimi. Lang oftast voru þau í blönduðum hópum í tónlistartímum.





Reynilundur

Umbótaþættir Reynilundar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulag á lestrarstundum	Að lestrarstundir verði skipulagðari, efla hlustun barna og lesskilning	Finna til bækur og setja saman í kassa á aðgengilegan stað	September 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allir starfsmenn taka þátt	Skrá niður hvað er lesið og fyrir hvaða hóp	Fara yfir skráningarblöð í lok anna og meta hvernig til tókst







5 Ytra mat

Bæði var gerð viðhorfskönnun á meðal starfsmanna og foreldra. Tilgangurinn er að fá fram viðhorf starfsmanna og foreldra til ýmissa þátta eins og starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarþátta. Könnunin er rafræn og ekki er hægt að rekja niðurstöður hennar. Unnið var með niðurstöður á starfsmannafundi á skipulagsdegi og fulltrúi frá mannauðsdeild SFS mætti og fór yfir helstu þætti og leikskólastjóri kynnti foreldraráði megin niðurstöður úr foreldrakönnun. Ekki vannst tími til að kynna niðurstöður foreldrakönnunarinnar frekar fyrir foreldrum og ekki var hægt að birta niðurstöður á heimasíðu skólans vegna tæknilegra örðugleika. Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi og starfsánægja kom út á grænu í starfsmannakönnun.


Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur eru gögn sem eru í stöðugu endurmati hjá okkur og börn og foreldrar koma einnig þar að endurmati samkvæmt áætlun, niðurstöður eru geymdar í möppu í skólanum.

Við höldum vel utan um hrós og góðar ábendingar sem koma frá foreldrum í foreldraviðtölum og nýtum það til að betrubæta starfið og viðmót Kvistaborgar.

Unnið var að kortlagningu og áhættumati við vinnslu persónuupplýsinga og vinnsluskra í framhaldi af því.

Unnið var að áhættumati, skráningu og aðgerðaráætlun í tengslum við Vinnuvernd.

Jafnréttisáætlun er í endurskoðun, en ekki náðist að endurskoða hana fyrir skil á starfsáætlun.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári. Deildarstjórar taka samtöl við starfsmenn sinnar deildar á haustönn og leikskólastjóri tekur venjulega alla starfsmenn í samtöl í mars/apríl. En í ár verður breytingar þar á. Boðið verður upp á 3-4 örsamtöl yfir árið til að tryggja stöðuga endurgjöf og byggja gott samband.

Nafn	Námskeið	Hvenær
Guðný Jónsdóttir	Heilsueflandi leikskólar	31. ágúst 2018
Sigrún Erla Hákonardóttir	Barnaheill/ Tónlist	22. ágúst 2018
Lisbeth Borg, Málmfríður Einarsdóttir, Soffía Dagmar Þórarinsdóttir, María Bjarnadóttir	Eecera Búdapest	28. ágúst til 31. ágúst 2018
Lisbeth Borg og Sóley Jónsdóttir	Desember í skóginum	19. nóv 2018
Guðrún Gunnarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Hildur Marísdóttir og Þórunn Helga Þorkelsdóttir.	Naeyc ráðstefna Washington	14. – 17 nóvember 2018
Allir	Anna Stephensen KVAN	20. nóv 2018
Allir	Skyndihjálp	21.jan 2019
Allir	Ráðstefna SFS – Sá sem er glaður er góður	7. febrúar 2019
Helga Guðmundsdóttir	Barnaheill	Haust 2018
Guðrún Gunnarsdóttir	Forystunám	8x vorönn 2019
Allir	Bjartur Guðmundsson	20. mars 2019
Guðný Jónsdóttir	Starfsdagur þroskaþjálfar	Maí 2019
Guðrún Gunnarsdóttir og Málmfríður Einarsdóttir	Barnasáttmálinn 30 ára	6. maí 2019





Starfspróun fyrir skólaárið 2019-2010

- Nýir starfsmenn fá móttökuáætlun Kvistaborgar og þurfa einnig að sækja sér fræðslu í þeim aðferðum og verkfærum sem að við notum í Kvistaborg. Má þar nefna, Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefnið Blær frá Barnaheill, málþroska fyrirlestur frá Miðju Máls og Læsis.
- Nýr deildarstjóri, Erna Agnes sækir Leiðtogaskólann og annar deildarstjóri sækir lærdómssamfélag hjá miðju máls og læsis.
- Barnasáttmálinn, Réttindaleikskóli UNICEF – við erum að fara í innleiðingarferli
- Barnasáttmálinn, fyrirlestur frá Ellen Jacqueline Calmon
- Lán, Listrænt ákall til náttúrunnar framhald af Biophilia verkefninu
- Tæknikynning frá Mixtúru
- Erasmus, þrír starfsmenn fengu styrk, Helga Guðmundsdóttir, Hildur Marisdóttir og Lisbeth Borg og fara í vikunámskeið í Hollandi í inni- og útnámi.
- Námsferð leikskólastjóra til Kanada með leikskólastjórum og fyrirhuguð er námsferð Kvistaborgar vorið 2020 til Kanada.
- Menntastefna, Leikur að læra, innleiðing að vera „LAL“ Skóli., Námskeið og ráðstefna fyrir alla starfsmenn.
- Lærdómssamfélag leikskólastjóra – faghópur leikskólastjóra kemur saman og ræðir ýmis fagmál.
- Annað tilfallandi sem tengist starfi eða áhugasviði starfsmanna





7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í gegnum árin hefur þróast gott samstarf á milli skólanna Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla og heimsóknir á báða bóga. Haldið verður í þær hefðir sem skapast hafa í gegnum árin sem eru þessar:

Svartir stafir er samvinna kennara

Bláir stafir er samvinna barna

- 20. ágúst, kl. 13:00, kennarar, Fossvogsskóla og Furuskógar sameinast í Lubbastund í Kvistaborg. Ath. með stutt Lubbanámskeið.
- **September – apríl: leikfimi fyrir elsta árganginn í sal Fossvogsskóla.**
- 16. október, kl. 19:30, sameiginlegur fyrirlestur fyrir foreldra og starfsmenn skólanna þriggja. Anna Steinsen frá Kvan.
- 22. október: 1. bekkur kemur í heimsókn í leikskólann.
 - Fyrirverandi nemendur Kvistaborgar mæta í Kvistaborg og
 - fyrirverandi nemendur Furuskógar mæta í Furuskóg.
- 23. október, Alþjóðlegur bangsa- og náttfatadagur
- 7. nóvember kl. 09:45, Kvistaborg í bókasafnsheimsókn í Fossvogsskóla. (frestð vegna framkvæmda í Fossó)
- 8. nóvember kl. 10:00. Dagur eineltis sameiginleg samvera á sal með elstu börnunum í leikskóla, Kvistaborgar og Furuskógar og nemendum í Fossvogsskóla. (funda 3. okt. kl. 13:00 fyrir lagaval).
- Heimsókn í Fossvogsskóla, skólinn skoðaður og heilsað upp á skólustjóra Fossvogsskóla
 - 12. nóvember - Kvistaborg kl. 10:15. (frestar vegna framkvæmda í Fossó)
 - 13. nóvember – Furuskógur kt. 10:15 (frestað vegna framkvæmda í Fossó)
- Desember: Elstu börnum okkar er boðið á úti-jólaball, dagsetning ákveðin síðar, fer eftir veðri.
- 13. febrúar: Heimsókn 12 ára nemenda úr 7. bekk, í Kvistaborg og Furuskóg. Þau æfa sig í að lesa upphátt fyrir börnin okkar fyrir stóru upplestrarkeppnina.
- Mars: Stjórnendur í skólum hverfisins fara yfir skóladagatöl og sameina skipulagsdaga – fundur í Kvistaborg.
- Kennslustund í 1. bekk með nesti.
 - 11. mars, Furuskógur kl. 10:15
 - 12. mars, Kvistaborg k. 10:15
- **Apríl 09:30 (eftir páska): Frístundaheimilið Neðstaland skoðað.**
- Maí: upplýsingafundur á skólaskilum. Ákveðið síðar.
- 15. júní kl. 10:00: Kennarafundur í Fossvogsskóla, endurmat á vetrarstarfinu og áætlun rædd fyrir næsta vetur.
- Skólahlaup, 29. maí. Þá koma nemendur úr 6. bekk í Fossvogsskóla og aðstoða okkar börn í hlaupinu.

Annað

Andrés Ásgeirsson kennari kemur á vordögum, með bekkinn sinn og nemendur hans lána elstu börnum Kvistaborga leikföng sem þau fá að láni í viku og skila að því loknu og gera sögu og myndskreyta að lokum.






8 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:** Á hverju hausti, þegar hver deild er með námsefnakynningu fyrir foreldra, er leitað eftir fulltrúum í foreldraráð. Einn af hverri deild, samtals þrjár fulltrúar foreldra, sitja ráðið ásamt leikskólastjóra. Kosið er til eins árs í senn. Nöfn fulltrúa í ráðinu er á heimasíðu Kvistaborgar.
- **Foreldrafundir:** Námsefnakynning og verkefni vetrarins eru kynnt ásamt hagnýtum góðum atriðum sem snúa að reglum, hefðum og umgengni skólans. Kosning í foreldraráð.
 - Asparlundur – 27. september – 12 – 4 ára börn
 - Reynilundur – 30. september – 28 – 5 ára börn
 - Birkilundur – 2. október – 19 - 3 ára börn
 - Víðilundur – 29. október – 17 – 2 ára börn
- **Foreldraviðtöl:** Eru haldin tvisvar á ári, nóvember og apríl og svo í maí fyrir elsta árganginn. Þess utan geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali. Foreldrar skrá sig sjálfir í tíma á eyðublöð sem hengd eru upp í fataklefum deildanna. Ef foreldrar eiga fleiri en eitt barn í leikskólanum er þeim boðið að skrá sig fyrst. Rætt er um líðan barns í skólanum og heima og drög lögð að einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn í samvinnu við barn og foreldra.

Foreldrafélag: Er starfandi við skólann og er kosið í stjórn þess á aðalfundi félagsins sem haldinn er á hverju hausti. Miðað er við a.m.k. tvo fulltrúa frá hverri deild. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum yfir veturinn, meðal annars piparkökumálun, leiksýningu, sveitaferð, páskaeggjaleit, sumarhátíð, danskennslu og jólasveinum, svo fátt eitt sé nefnt.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sem segir:

- Föstudagurinn 11. október 2019
- Þriðjudagurinn 19. nóvember 2019 (Sameiginlegur grunnskólanum)
- Föstudagurinn 20. mars 2020 (Sameiginlegur grunnskólanum)
- Miðvikudagurinn 20. maí 2020 (Námsferð starfsmanna til Kanada)
- Föstudagurinn 22. maí 2020 (Námsferð starfsmanna til Kanada)
- Mánudagurinn 8. júní 2020 (Sameiginlegur grunnskólanum)

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.


10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

10.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal

10.5 Fylgiskjal 5 – Verkefni Kvistaborgar, ábyrgðarmenn

Kvistaborg
Kvistalandi 26
108 Reykjavík
S: 00-354-553-0311

F. h. leikskólans


Leikskólastjóri

Dagsetning







Samantekt um sérkennslu/stuðning

Auka fjármagn fylgdi tveimur börnum síðasta vetur og sérkennslustjórinn sá um að veita þessum börnum liðsinni ásamt því að leiðbeina deildarstarfsmönnum. Öll börn fara í gegnum skimunartækin, EFI-2 sem kannar málþroska 3 ára barna og Hljóm2 sem kannar hljóðkerfisvitund 5 ára barna. Slakar niðurstöður úr þessum skimunum geta gefið sterkar vísbendingar um námsárangur síðar meir og gefa okkur því tilefni til að grípa inn í, í samstarfi við foreldra.

Við notumst einnig við fleiri verkfæri eins og TRAS sem kannar málþroska og APES-listann til að meta framför. Talmeinafræðingur, sérkennari, sálfræðingur og hegðunarráðgjafi er kallaður til frá þjónustumiðstöð eftir þörfum, þegar leita þarf fleiri úrræða.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	3-4	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	1	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru reglulega teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	



Fylgiskjal nr. 1

Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Þjónustumiðstöð Háaleitis og Bústaðarhverfis, Miðju máls og læsis, Túlkaþjónusta
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	

Niðurstöður innra mats

Við leggjum áherslu á að íhlutun fari að mestu fram inn í daglegu starfi inn á deildum og í útiveru og útinámi og það hefur gengið vel. Ekki er sérstakt sérkennslurými til í skólanum. Við leggjum metnað okkar í það að allir á deildinni eru jafnábyrgir fyrir barninu þó svo að sérkennslustjórinn haldi í taumana, hans hlutverk er að leiðbeina öðrum starfmönnum ásamt því að vera góð fyrirmynd fyrir alla í starfinu með barninu. Börn sem standa höllum fæti í málþroska eiga að fá innlögn á Lubba áður en Lubbi er tekin fyrir á deildinni. Við náðum ekki alveg að halda í það eins og við hefðum viljað. Það verður verkefni til að bæta næsta vetur.





Fylgiskjal nr. 1


Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl un	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Bæta aðstöðu sérkennslu.	Bæta aðstöðu við sérkennslu	Skólinn stækkar og aðstaða batnar	haust 2019	Leikskólastjóri		
Lubbi kynntur fyrir börnum með málproskavanda í einstaklingsþjálfun áður en innlögn er fyrir barnahópin á deildinni	Að gefa þeim tækifæri að vera betur virk í hópatímum	Koma á skýru verklagi á deildum	2019-2010	Sérkennslustjóri	Umræðumat vor 2020	Tókst eða ekki



Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fimm börn eru tví- eða þrítyngd í Kvistaborg og fjögur þeirra eiga annað foreldrið íslenskt. Fjármagn vegna erlendra barna var notað til kaupa á málörvunarspilum sem nýtist öllum börnum en sérstaklega þeim sem standa höllum fæti. Gefðu 10 er verkfæri sem við byrjuðum að nota á vordögum með góðum árangri. Þegar við gefum 10 er verið að leggja áherslu á að kenna þann orðaforða sem barnið er að nota hverju sinni. Með því að gefa 10 er verið að auka tækifæri barna til virkrar þátttöku í barnahópnum. Þegar hinn fullorðni á frumkvæðið að samskiptum við barnið fær það fleiri jákvæð og málörvandi tækifærir í leik og frjálsum aðstæðum. Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka umræðu og samskipti við fjölskyldu börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Gefðu 10 er kynnt á nývistunarfundi að vori áður en börn byrja í Kvistaborg.

Börn af erlendum uppruna skólárið 2018-2019



Niðurstöður innra mats

Halda áfram á sömu braut og styrkja starfsmenn í starfi sínu og að þeir skilji mikilvægi hlutverks síns við að styðja við málproska barnsins. Fá nýliðafræðslu frá Miðju máls og læsis og kynna fyrir öllum deildarstjórum hefti frá SFS: *Einn leikskóli – Mörg tungumál, leiðarvísir um skráningu á framförum*

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	Já	Málörvunarspilum, leikjum í Ipad
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Í almennu starfi inn á deild sem og utan deildar. Mikið unnið með orðskilning.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Í öllum athöfnum daglegs lífs.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Alltaf fylgst með öllum með skimunarverkfærum og farið yfir á deildarfundum
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Unnið er markvisst með framsögn sem og almennan íslenskan orðaforða og skilning í öllu starfi. Virk hlustun, Lubbi finnur málbein og skólaverkefni eru dæmi um verkefni þar sem íslenskan er í forgrunni.

barna í íslensku sem öðru máli.





Fylgiskjal nr. 2

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl un	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rý nihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Þjálfarinn starfsmenn og kynna þeim fyrir málörvunarspil- um og hvetja til notkunar	Að allir treysti sér til að nota spil og verkefni sem snúa að sérkennslunni	Sérkennslustjóri fer með efni inn á deildir og leiðbeinir með notkun	Hefst haust 2019	Sérkennslustjóri	Umræður í endurmati vor 2020	



**Umsögn foreldraráðs:**

Umsögn foreldraráðs Kvistaborgar

Foreldraráð hefur yfirfarið starfsáætlun Kvistaborgar 2019-2020 og skrifar hér umsögn samkvæmt 11. grein Leikskólalaga númer 90/2008.

Að okkar mati er starfsáætlun Kvistaborgar metnaðarfull og vel unnin. Allar þrjár deildir hafa sett fram umbótaráætlanir og áherslurnar eru lagðar á lestrarstundir, samverustundir og framsetningu frjáls leiks.

Á síðasta starfsári var bæði líð Kvistaborgar endurnýjuð og stækkuð með tilheyrandi auknu álagi á starfsfólk. Þau stóðu sig með þryði og eiga þakkir skilið fyrir að ná að halda góðu starfi þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Eins var fjórðu deildinni bætt við nú í haust og um leið starfsmanna aðstaðan flutt út í skúr. Framkvæmdir töfðust með tilheyrandi raski fyrir starf leikskólans og starfsfólk. Almennt er mikil ánægja með endurbætta lóð Kvistaborgar. Að gefnu tilefni viljum við sérstaklega þakka stjórnendum og starfsfólki Kvistaborgar fyrir sveigjanleika og útsjónarsemi af þeirra hálfu við erfið starfsskilyrði.

Helstu verkefni sem standa upp úr; Lubbi finnur málbein, Vínaverkefni Barnaheilla með Blæ, Biophilia, tónlistarkennsla og skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. Foreldrafélagið er einstaklega ánægt með metnaðarfullt starf leikskólans sem er metnaðarfullt, faglegt og vel sniði að áhugasviði barnanna. Framundan eru nýtt áhugavert verkefni, Leikur að læra.

Foreldraráð er heilt á litið mjög ánægt með það góða starf sem starfsfólk Kvistaborgar leggur metnað sinn í og þá umhyggju og hlýju sem börnunum okkar er sýnd. Upplýsingaflæði á milli leikskóla og foreldra er almennt gott. Foreldraráð vill kalla eftir viðmót áþekku Karellen sem gefur upplýsingar um dag barnanna. Slík kerfi eru í notkun á öðrum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu við góðan orðstýr.

Guðný B. Ármannsdóttir

Guðný Birna Ármannsdóttir

Hildigunnur Jónsdóttir

Hildigunnur Jónsdóttir



AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumarfrí	1 S Kvistaborg 47 ára	1 Þ Ljósmyndari	1 F	1 S F	1 M Nýársdagur	1 L	1 S Æ EY EI	1 M Foreldravíðtöl	1 F Verkafólgsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnunni	1 M
2 F Sumarfrí	2 M Aðlögun	2 M Foreldrafundur B	2 L	2 M Kaffihúsið Lundur	2 F	2 S Þ	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S H	3 Þ Kaffihúsið Lundur	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M Foreldravíðtöl	4 M Kaffihúsið Lundur	4 L	4 Þ	4 M	4 L Ó/AU	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ Foreldravíðtöl	5 F Kaffihúsið Lundur	5 S Þ	5 M	5 F	5 S Palmasunnudagur	5 Þ Opið hús	5 F	5 S
6 Þ Sumarfrí	6 F	6 S D	6 M Foreldravíðtöl	6 F Kaffihúsið Lundur	6 M Þrettándinn	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M Sumarfrí	7 L A	7 M	7 F Foreldravíðtöl	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F Foreldravíðtöl R	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F Opnar eftir sumarfrí	8 S Dagur læsis	8 Þ foretira	8 F Baráttudagur gegn	8 S S	8 M	8 L	8 S HJ	8 M	8 F	8 M Skipulagsdagur	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S R	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ Aðlögun	10 F Önnu og afa dagur	10 S E/U	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F Skipulagsdagur	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S T	12 M	12 F	12 S Þáskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S ÍY/Ú	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 F Annar í páskum	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S M	15 Þ	15 F	15 S IY/O	15 M	15 L	15 S HL	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar	16 M Fyrirlestur 19:30 með foreldrum	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ Sumarhátíð	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S L	17 Þ Jólaskemmtun	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ Skipulagsdagur	19 F	19 S K	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S V	20 M Dagur manniþínda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M Skipulagsdagur	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ Baranmenningarhátíð	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 S B	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S Mjúkt G	22 M Baranmenningarhátíð	22 F	22 M Vatnsvíka	22 M
23 F	23 M Aðlögun	23 M Náttíðabíll / Bangasögur	23 L Þíparökumátun	23 M Þorlákemessa	23 F	23 S	23 M Konudagur	23 F Baranmenningarhátíð	23 L	23 Þ Vatnsvíka	23 F
24 L	24 Þ	24 F Vetrarleyfi grunnskóla	24 S G	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F	24 M	24 M Bolludagur	24 F Baranmenningarhátíð	24 S	24 M Vatnsvíka	24 F
25 S	25 M	25 F Vetrarleyfi grunnskóla	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ	25 Þ Sprengidagur	25 L Baranmenningarhátíð	25 M	25 F Vatnsvíka	25 L
26 M	26 F Þingmáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í júlum	26 S	26 M	26 F Öskudagur	26 S Baranmenningarhátíð	26 Þ	26 F Vatnsvíka	26 S
27 Þ	27 F Foreldrafundur A	27 S J	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M Vetrarleyfi grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S N	29 Þ Foreldrafundur V	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S HN	29 M	29 F Íþróttadagur	29 M	29 M
30 F	30 M Foreldrafundur R	30 M	30 L	30 M	30 F Þorablót	30 M	30 M Foreldravíðtöl	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F Þrekkjavaka	31 F	31 Þ Gamlársdagur	31 F	31 F	31 Þ Foreldravíðtöl	31 S Hvítasunnudagur	31 S	31 F	31 F
Skipulagsdagar/sumarleyfi - lokun leikskólans											Vænast þátttöku foreldra eða fjölskyldu
Uppákomur þar sem börnin taka þátt											

